## Sveinn Björnsson sýnir í Hafnarborg:

# Hér er talsvert af myndum sem fólk hefur ekki séð áður

**SVEINN Björnsson listmálari opnar sýningu í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar á morgun, laugardag. 62 myndir frá 1957-1985 eru á sýningunni. „Hér sýni ég talvert af myndum, sem fólk hefur ekki séð áður og engin þeirra var á einkasýningunni á Kjarvalsstöðum í fyrra," sagði Sveinn í samtali við Morgunblaðið. Meðal þess sem hann hefur ekki sýnt áður eru 10 klippimyndir. Flest verkin á sýningunni eru olíumálverk en einnig vatnslitamyndir og olíumyndir undir gleri.**



Sveinn Björnsson á vinnustofu sinni.

Sveinn Björnsson hefur haldið fjölda einka- og samsýninga hérlendis og erlendis en hefur ekki sýnt verk sín í heimabæ sínum, Hafnarfirði, síðar hann tók þátt í samsýningu 1983. Einkasýningu hefur hann ekki haldið þar frá 1961, um það leyti sem fyrsta „fantasía" hans er gerð. Nokkrar þeirra eru á sýningunni, og einnig talsvert af sjávarmyndum og landslagsmyndum frá Krísuvík og nágrenni Hafnarfjarðar.

Sýningin er haldin í tilefni af 65 ára afmæli og 40 ára listamannsferli Sveins. Henrik Vagn Jensen, danskur listmálari og skólabróðir Sveins frá Konunglegu akademíunni í Kaupmannahöfn, hefur aðstoðað hann við að velja myndir á sýninguna.

Guðmundur Árni Stefánson bæjarstjóri í Hafnarfirði opnar sýningu Sveins formlega. Hún stendur yfir til 27. maí og er opin frá klukkan 14-19.



Steinunn Þórarinsdóttir við eitt verka sinna. Morgunblaðið/Steinunn

# Steinunn Þórarinsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum

**SÝNING í vestursal Kjarvalsstaða á höggmyndum eftir Steinunni Þórarinsdóttur verður opnuð laugardaginn 12. maí kl. 14.**

Á sýningunni eru 7 höggmyndir unnar í járn og pottjárn. Flest verkin eru stór í sniðum og voru þau unnin í vélsmiðju Orms og Víglundar í Hafnarfirði og á vinnustofu Myndhöggvarafélagsins á Korpúlfsstöðum.

## Reykhólasveit:

# Framleidd eru 200–300 tonn af ónothæfri ull

**Miðhúsum í Reykhólasveit.**

**FORMAÐUR Búnaðarfélags Geiradals, Daníel Jónsson bóndi á Ingunnarstöðum, boðaði til fundar í Króksfjarðarnesi um ullarframleiðslu og ullarvinnslu þriðjudagskvöldið 8. maí síðastliðinn.**

Á fundinn mætti Emma Eyþórsdóttir yfirullarmatsmaður og Guðjón Kristinsson yfirmaður ullar- og söludeildar Álafoss. Erindi þeirra fjölluðu um ullargæði og framleiðslu ullarvara. Á fundinum kom fram að 200-300 tonn af ónothæfri ull eru framleidd hérlendis árlega, sumt af henni er flutt út fyrir „spottprís" og munu til dæmis hnakkdýnur stoppaðar með þessari ull.

Á fundinum kom einnig fram að þeir aðilar, sem að ullarmálum vinna, verða að taka höndum saman og gera stórátak í bættri ullarframleiðslu, en sem dæmi má nefna að fyrstu verðlaunahrútar eru með ónothæfa ull.

**Sveinn**


# GRÆÐUM ÍSLAND
## LANDIÐ OKKAR

## *Vinningsnúmer í happdrætti Átaks í landgræðslu*

Skrá yfir vinninga í happdrætti Átaks í landgræðslu sem dregið var í þann 17. júní 1989. Lokafrestur til að framvísa vinningsmiðum er 15. júní 1990.

**Loftorku einbýlishús** **kr. 10.000.000,-**
87405

**Sómabátur** **kr. 2.600.000,-**
15283

**Jeppi Cherokee** **kr. 2.000.000,-**
96494

**Bifreiðar Peugeot 205** **kr. 500.000,-**
23478 64380 103332 157126 163977 172990
177347 179808 186629

**Mótorhjól Suzuki GSX 600** **kr. 500.000,-**
192114

**Vatnshjól Yamaha** **kr. 320.000,-**
87344 105851 153308

**Hestar ásamt námskeiði** **kr. 100.000,-**
72445 76962 91315 93752 115928

**Heimilstæki að eigin vali** **kr. 50.000,-**
4540 6535 7531 12865 20475 38232
102717 115512 132927 189263

**Evrópuferðir með Flugleiðum** **kr. 50.000,-**
17168 17955 23503 29834 35000 44596
46118 51070 56119 59100 107388 109422
124111 137174 140391 158808 162167 172348
186257 194676

**Landið þitt** **kr. 24.900,-**
3407 5286 5630 8083 9717 11436
11614 13401 13821 18032 18664 20901
21379 24000 26518 27113 33418 35950
41246 45803 47248 48242 48271 48697
49510 51928 52657 56865 61401 62830
63281 63418 64019 67405 68515 70208
71007 72993 73729 78019 80106 83200
84294 84549 86851 88173 99018 101630
103840 104653 111758 116761 120932 121948
121984 123281 124734 125972 128475 128611
135104 137280 137792 139814 139977 144144
144236 147414 147725 147773 148704 148957
149417 150938 153529 154386 155214 158774
159083 159341 160233 160376 163013 165092
167400 170729 171968 173037 173732 174965
176242 177081 177198 179818 181227 184021
184365 187005 188377 191983

**Vinningshafar eru beðnir að snúa sér til skrifstofu Átaks í síma 29711.**

**LANDSHAPPDRÆTTI ÁTAKS Í LANDGRÆÐSLU**
Laugavegi 120, 105 Reykjavík



# MARKAÐS-TORGIÐ á Laugavegi 25

Mjög gott úrval af góðum fatnaði. Annað eins verð hefur ekki sést lengi. 100 krónurnar í fullu verðgildi.

Opið daglega frá kl. **9** til **18**.
**Laugardaga** frá kl. **10** til **14**.

**Dæmi:**
Barnajogginggallar .....frá kr. 500
Barnapeysur .....frá kr. 300
Barnanáttföt .....kr. 300
Barnagallabuxur .....kr. 500

**MARKAÐS-TORGIÐ,**
**Sími 13285**